

## Framkvæmdastjórn SÍF styður frumvarp Katrínar í meginatriðum

Samband íslenskra framhaldsskólanema (SÍF) fagnar lagafrumvarpi Katrínar Jakobsdóttur um heilsugæslu í framhaldsskólum. Eins og segir í frumvarpinu benda rannsóknir til þess að fólk á framhaldsskólaaldri notfæri sér síður heilbrigðisþjónustu, hvort sem það er vegna fjárhagsaðstæðna eða annarrar bágrar stöðu ungmenna. SÍF telur frumvarpið því afar jákvætt skref í í átt að bættu umhverfi framhaldsskólanema.

Þó gerir framkvæmdastjórn SÍF athugasemd við 1. grein frumvarps Katrínar, þar sem segir „hjúkrunarfræðingur, lækni eða sálfræðingur“. Framkvæmdastjórnin telur þá grein stangast á við lagafrumvarp Guðjóns S. Brjánssonar um gjaldfrjálsa sálfræðiþjónustu í framhaldsskólum sem liggur nú fyrir Alþingi. Telur framkvæmdastjórnin mikilvægt að ofangreind þjónusta sé aðgreind, það er að segja að einungis sálfræðingar sjái um þá sálfræðiþjónustu sem nauðsynleg er í framhaldsskólum. Faglega er eðlilegt og rétt að hjúkrunarfræðingar og lækni sinni sínu faglega starfi annars vegar og sálfræðingar sínu hins vegar, eitt má ekki útiloka annað. Framkvæmdastjórn SÍF hvetur því til þess að 1. grein lagafrumvarpsins verði breytt úr „hjúkrunarfræðingur, lækni eða sálfræðingur“ í „hjúkrunarfræðingur eða lækni“.

Samband íslenskra framhaldsskólanema leggur mikla áherslu á að gjaldfrjálsri sálfræðiþjónustu verði komið á í framhaldsskólum í samræmi við frumvarp Guðjóns og vill sjá lög um heilbrigðisþjónustu í framhaldsskólum styðja við þá hugmynd en ekki draga úr henni.

